

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

- I. Einstefnuakstur á eftirtöldum götum:
 1. Sjafnargötu frá Njarðargötu.
 2. Nýlendugötu frá vestri til austurs.
- II. Bifreiðastöður bannaðar á eftirtöldum götum:
 1. Laufásvegi, vestanmegin götunnar, frá Skothúsvegi að Hringbraut.
 2. Týsgötu, vestanmegin götunnar.
 3. Skúlagötu frá Geirsgötu að Skúlatorgi.
 4. Laugavegi frá Klapparstíg að Smiðjustíg.
 5. Vonarstræti, norðanmegin, frá Thorvaldsensstræti að Tjarnargötu.
- III. Biðskylda:
 1. Á Bjarnarstíg við Skólavörðustíg.
 2. Á Vesturbrún við Brúnaveg.
 3. Á Bjarkargötu við Skothúsveg.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. maí 1963.

Sigurjón Sigurðsson.

10. maí.

Nr. 80.

S A M Þ Y K K T

fyrir Eyjafjarðarsýslu um eyðingu svartbaks.

1. gr.

Innan takmarka Eyjafjarðarsýslu skal svartbakur vera réttdræpur hverjum sem er og skal honum útrýmt með skotum. Þar sem æðarvarp er, eða í grennd við það, má þó ekki skjóta nema með leyfi og í samráði við jarðarabúanda.

2. gr.

Skylt er hverjum jarðarabúanda að eyða öllum svartbakseggjum og ungum á landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, sem hann hefur umráð yfir, eins og kostur er. Hreppsnefnd skal hafa eftirlit með, að menn geri skyldu sína í þessu efni og sé um vanrækslu að ræða, lætur hún framkvæma eyðinguna á kostnað þess, er hana vanrækti.

3. gr.

Sérhverri hreppsnefnd sýslunnar er skylt að hlutast til um eyðingu svartbaks í hreppnum og ráða þær í því skyni skotmenn eftir þörfum.

4. gr.

Fyrir hvern skotinn svartbak greiðir oddviti úr sveitarsjóði kr. 12.00. Skal skotmaður sýna hægri væng fuglsins til sönnunar fyrir því, að hann hafi drepit fuglinn, en oddviti brennir eða eyðileggur vængina þegar er hann hefur greitt skotmannslaun.

5. gr.

Oddviti sendir sýslumanni tvírtaða skrá um áramót, um tölu þeirra fugla, er skotlaun hafa verið greidd fyrir, en sýslumaður endurgreiðir hluta sýslusjóðs af skotmannslaunum og innheimtir þann hluta, sem greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum til sveitarsjóðs samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936, sbr. l. nr. 14 31. marz 1962.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936, sbr. lög nr. 14 31. marz 1962, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. maí 1963.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

SAMÞYKKT**um stjórn Neskaupstaðar.**

I. KAFLI

Skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum samkvæmt lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er almennt í fyrirsvari fyrir kaupstaðinn og ber að gæta hagsmuna hans í hvívetna.

Meginverkefni bæjarstjórnar eru þessi:

A. Hún fer með yfirstjórn í fjárreiðum kaupstaðarins.

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal greina í meginatriðum, hvernig fjárveitingum til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B.-lið Enn fremur skal tekið fram, hvernig áætlaðar tekjur greinast.
2. Hún hefur á hendi yfirumsjón með fjárstjórn kaupstaðarins og gætir þess, að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.
3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir kaupstaðarins séu tryggilega varðveittar.
4. Hún kveður á um lántökur fyrir kaupstaðinn. Þó er bæjarstjóra heimilt að taka rekstrarlán til skamms tíma án sérstakrar samþykktar bæjarstjórnar.
5. Hún kveður á um ábyrgðir bæjarsjóðs. Heimilt er þó bæjarráði að taka fullnaðarákvörðun um ábyrgð bæjarsjóðs, sé ekki um meiri háttar fjárhæð að ræða og nægilega örugg trygging að baki að dómi bæjarráðs.
6. Hún skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga kaupstaðarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.